





Deiliskipulagsuppráttur mkv 1:1000



Yfirlitsuppráttur mkv 1:5000



Snið A-A1 til skýringar mkv 1:1000



Aðalskipulag Vesturbyggðar 2018 - 2035
Þéttbýlisuppráttur - Patreksfjörður

- SKÝRINGAR**
- Deiliskipulagsmörk
 - Lóðarmörk
 - Byggingareitur
 - Girðing á lóðarmörkum
 - Vegur
 - Garðaúrgangur
 - Gróður- Einungis leiðbeinandi
 - Gróður- og grasmön

Greinargerð

ALMENNT

Fyrirhugað er að færa aðstöðu fyrir móttöku og flokkunaraðstöðu sorps á Patreksfirði af Vatneyri yfir í Fjósadal í þeim tilgangi að bæta aðstöðu og rými við móttöku allra efna. Sérstaklega verður bætt við móttöku garðaúrgangs, raftækja og spilliefna. Rými aðstaða eykur öryggi í daglegum rekstri ásamt því að bæta aðstöðu þjónustuverktaka til muna. Stöðin þjónar þeim tilgangi að taka við efnun frá heimilum sem eru flokkuð til endurvinnslu/endurnýtingar, jafnframt verður aðstaða á svæðinu til flokkunar heimilissorps til afsetningar. Deiliskipulagsvæðið er um 0,5 ha að stærð og þar er gert ráð fyrir að koma fyrir sorpflokkunarstöð fyrir almenning. Svæðið er staðsett neðst í Fjósadal í landi Vesturbyggðar.

MARKMIÐ

Markmið deiliskipulagsins er að útbúa aðstöðu þar sem almenningur og aðrir geta með góðu móti flokkað úrgang og annan stærri úrgang sem ekki er hægt að flokka í heimahúsum. Öllum efnun er safnað í gáma eða aðrar flutningsumbúðir.

AÐKOMA

Aðkoma að svæðinu er frá Þórsstötu um Fjósadalssveg.

FORNLEIFAR

Árið 2000 var gerð fornleifarannsókn vegna fyrirhugaðar sorpbrennslu á Patreksfirði. Svæði fornleifarannsóknarinnar náði yfir það svæði sem verið er að fjalla um í deiliskipulagi þessu. Í skýrslunni um fornleifarannsóknir ritar Orri Vésteinnsson fornleifafræðingur eftirfarandi um það svæði sem nú er verið að deiliskipuleggja:
„Órnefnið Fjósadalur (BA-158:020) bendir til að fjós, sennilega geldneytafjós, hafi verið á þessu svæði. Ekki er nú vitað um neinar byggingarleifar sem þessu gætu tengst en líklegast byggingarstæði verður að teljast þar sem nú standa hesthús vestan við Fjósadalssá. Einnig er mögulegt að fjós gætu hafa staðið á grundunum austan við gryffuna en þar sjást engin merki um slíkt.“

Óheimilt er að raska fornleifum sem kunna að koma í ljós við uppgröft nema að fenginni heimild Minjastofnunar Íslands. Gildir þar einu um jarðrask innan skilgreindra byggingareita og eða jarðrask í tengslum við framkvæmdir, samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012. Auk þess njóta fornleifar 15m friðhelgunarsvæðis skv. 3., 21. og 22. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

AÐALSKIPULAG VESTURBYGGÐAR

Móttökustöð fyrir sorpflokkun er innan landnotkunar sem er merkt á aðalskipulagi sem AT1 athafnasvæði á Aðalskipulagi Vesturbyggðar fyrir Patreksfjörð 2018-2035. Umfang sorpförgunar krefst ekki á stækkun á athafnasvæðinu og er því ekki talið að það kalli á breytingu á aðalskipulagi. Nærliggjandi landnotkun er E1 efnistöku- og efnislosunarsvæði, H1 hafnarsvæði, sérstök not haf- og vatnssvæða og opið svæði.

AFMÖRKUN: GIRÐING, GRÓÐUR OG MANIR:

Á lóðarmörkum kemur um 2 metra há netgirðing ásamt kvöð um gróður og 1-3 háar manir umhverfis svæðið til að hindra ásynd inn á svæðið. Lóð endurvinnslustöðvar er 5625 m².

BYGGINGARREITIR

Gert er ráð fyrir byggingarreit fyrir aðstöðuhús sem má vera að hámarki 50 m² á einni hæð. Innan svæðisins er gert ráð fyrir 8 móttökugámum og flokkunaraðstöðu fyrir raftæki, spilliefni og garðaúrgangi. Þá er gert ráð aðstöðu fyrir móttöku grófflokkunar fyrir heimilissorp og endurnýtingar sem verða yfirbyggðar, leyfilegt byggingarmagn er allt að 600 m². Þá er gert ráð fyrir svæði fyrir garðúrgang um 314 m² og aðstöðu fyrir ökutæki til að hreinsa þau og þvo.

Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í skipulags- og byggingarnefnd þann 20. og í sveitarstjórn þann 20.

Tillagan var auglýst frá 20. með athugasemdafresti til 20.

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 20.

BR. DAGS: 13.01.2022		REKIN: TEKN.
VESTURBYGGÐ		
LANDMÖTUN		
FJÓSDALUR		
TILLAGA AÐ DEILISKIPULAGI FLOKKUNARSVÆÐIS		
DEILISKIPULAG UPPRÁTTUR	SKIPULAG: OÖG, B3	TEIKNAD: EP, BG
	SAMÞYKKT: OÖG	KT
KVARDI: 1000	KÓPAVOGUR	DAGS: 13.01.2022
VERKNR: DA2102	TEIKN. NR.	BR.
4607-Vestb	01	